


1501024



Rangárþing ytra
 Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri
 Suðurlandsvegi 1
 850 HELLU

Reykjavík, 24. febrúar 2015
 Tilvísun: 2015010078
 GPM/HrH

Efni: Brú á Þverá hjá Odda

Í bréfi frá sveitarstjóra Rangárþings ytra til Vegagerðarinnar þann 16. janúar 2015 var óskað eftir því að gerð yrði skoðun á því að nota bráðabirgðabréu frá Múlavísl á nýrri vegtengingu innan Rangárvalla um Þverá. Vegagerðin telur áhuga sveitarfélagsins á þessu máli mjög eðlilegan, bæði með tilliti til náttúruvár og almennrar umferðar á svæðinu.

Sérfræðingar hafa áætlað að rúmlega 90 m langa brú þurfi til að brúa Þverá við Odda. Gert hefur verið lauslegt kostnaðarmat á því að byggja nýja brú á þeim stað. Það var fyrst gert í janúar 2011 og hefur nú verið yfirfarið.

Sérfræðingar hafa skoðað hvort það er kostur að endurbyggja bráðabirgðabréu frá Múlavísl á Þverá. Líklegur kostnaður við það og nauðsynlegar vegtengingar er áætlaður um 150-180 milljónir kr. og er þá ekki gert ráð fyrir efniskostnaði við stálbita eða timburgólf í yfirbyggingu brúarinnar. Bráðabirgðabréu eins og byggð var við Múlavísl til að bregðast við lokun Hringvegjar er ekki hugsuð til að standa lengur en 2-5 ár.

Ef gert er ráð fyrir hefðbundinni framkvæmd þ.e. varanlegri vega- og brúargerð með því að byggja einbreiða stálbitabréu með timburgólfi og 3,6 m breiðri akbraut, þar sem steypfir stöplur brúarinnar hvíla á steypum staurum, þá hefur kostnaður við 92 m langa brú verið áætlaður um 190 milljónir kr. Heildarkostnaður brúar og vegtenginga við slíka framkvæmd er metinn sem 260-290 milljónir kr. Ef hins vegar væri gert er ráð fyrir að byggja tvíbreiða brú með steypu brúargólfi og 2,5 km veg með bundnu slitlagi, þá gæti heildarkostnaður við slíka framkvæmd verið á bilinu 430 – 490 milljónir kr.

Ekki hafa verið gerðar neinar jarðtæknirannsóknir vegna grundunar brúarinnar eða efnisvinnslu til vegagerðar og eru ofangreindar áætlanir bundnar þeirri óvissu.

Líta verður til heildarkostnaðar á líftíma mannvirkjanna. Nauðsynlegt er að endurnýja bráðabirgðabréu innan 2-5 ára og því telur Vegagerðin það ekki hagkvæmt að endurbyggja bráðabirgðamannvirki frá Múlavísl við Þverá, enda kostnaðurinn mikill eins og að framan

kemur. Æskilegra væri að horfa til varanlegrar brúar- og vegtengingar í komandi áætlanagerð þegar forgangsörðun framkvæmda er ákveðin.

Virðingarfyllst,



Hreinn Haraldsson
vegamálastjóri